

Ísland Panorama eru frjáls félagasamtök.
Markmið samtakanna er á meðal annars að vinna að auknum skilningi
og gagnkvæmri virðingu fólks af ólíkum uppruna sem búsett er á Íslandi.

Inn við
BEINIÐ
erum við öll eins

UNITED
racism
fascism
nationalism

ISLANDPANORAMA

Inn við BEINIÐ erum við öll eins



Ísland Panorama eru samtök sem stofnuð voru 18. mars 2006 til að vinna gegn mismunun. Þau hafa að markmiði að beita sér í baráttunni gegn fordómum, útlendingafælni og hverskonar mismunun á grundvelli trúar, útlits eða uppruna. Samtökin Ísland Panorama vinna að því að auka skilning og efla gagnkvæma virðingu milli fólks af ólíkum uppruna, sem búsett er á Íslandi. Samtökin eru opin öllum þeim sem styðja málstað félagsins. Heimasíða samtakana er: www.islandpanorama.is

er frábrugðið milli menningarheima gleymist það sem við eigum sameiginlegt. Afleiðingar menningarrasismans eru yfirleitt þær sömu og kynþáttahyggjunnar; aðskilnaður hópa og mismunun.

Fordómar og staðalmyndir

Orðið fordómar þýðir að dæma án þess að þekkja. Dregnar eru upp einfaldaðar myndir af hópum eða þjóðum, svokallaðar staðalmyndir. Einstaklingar

til jákvæðar staðalmyndir eins og þegar sagt er að allir svartir séu með tónlist í sér eða að allir svartir séu góðir hlauparar. En er þetta rétt? Eru allir svartir góðir hlauparar?

Er Ísland opið eða lokað fyrir erlendum menningarhrifum?

Ef þú hugsar um daglegt líf á Íslandi hvað kemur upp í hugann sem séríslenskt? Hvaðan koma hlutirnir á heimilinu, fötin sem þú gengur

þeim bauðst í sveitum og sjávarplássum landsins. Í dag lesum við með stolti viðtöl við afkomendur íslenskra innflytjenda í Kanada, sem enn varðveita eitthvað úr íslenskri menningu. Getum við ekki glaðst líka yfir því ef aðflutt fólk fær ný tækifæri á Íslandi og vill halda við þáttum úr sinni upprunamenningu?

Í árslok 2005 voru 13.778 erlendir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi. Á sama tíma voru 15.045 Íslendingar með lögheimili einungis á



Staðalmyndir



Fordómar



Hvað er rasismi –eða kynþáttafordómar?

Flokkun í kynþætti byggir oft á húðlit og hári, en ýmis önnur útlitsleg einkenni hafa verið notuð til flokkunar til dæmis lögun nefs og augna eða munnstærð. Það eru kynþáttafordómar að halda því fram að hinn evrópski hvíti kynþáttur hafi yfirburði frá náttúrunnar hendi. Rannsóknir sýna að mannkynið er líffræðilega einn „kynþáttur“. Flokkunarkerfi rasismans stenst því ekki.

Menningarrasismi

Á nýlendutímanum voru hugmyndir um líffræðilegan mun kynþátta ráðandi. Á seinni árum hefur þróast rasismi sem beinist að menningu tiltekinnar þjóða. Einkenni hans eru þau að æskilegt er talið að vernda menningarleg sérkenni og forðast blöndun. Með því að draga athygli að því sem

eru svo metnir út frá þessum staðalmyndum. Fordómar byggðir á staðalmyndum geta verið bæði duldir og opnir. Dæmi um dulda fordóma sem útlendingar á Íslandi hafa orðið varir við er verri þjónusta, t.d. í verslunum og bönkum. Rannsóknir á Norðurlöndum sýna að atvinnuumsóknir mennta-fólks með erlent nafn eru oft lagðar til hliðar og fá þeir umsækjendur síður tækifæri til að sýna hæfni sína í atvinnuvuiðtölum. Opnir fordómar sem útlendingar á Íslandi hafa orðið fyrir eru til dæmis erfiðleika við að fá húsnæði vegna uppruna, hróp og uppnefni og að stjakað sé við þeim á almannafæri.

Þær neikvæðu myndir sem dregnar hafa verið upp af asískum konum og íslenskum eiginmönnum þeirra eru dæmi um staðalmyndir. Annað dæmi um staðalmyndir sem tengjast uppruna fólks eru neikvæðar alhæfingar um múslima. Það eru líka

í, maturinn sem þú borðar, tónlistin sem þú hlustar á og bíómyndirnar sem þú horfir á? Hjá flestum eru líklega fáir hlutir upprunnir á Íslandi. Kannski hluti af matnum og lopapeysan með erlenda rennilásnum. Viljum við bara nýja hluti frá útlöndum en ekki fólk?


Ekkert nýtt að fólk flytji á milli landa

Í umræðunni um mikinn aðflutning fólks til Vestur-Evrópu og Íslands, er sjaldan rífað upp að Evrópubúar hafa flutt í stórum stíl til annarra heimsálfa. Á tímabilinu 1820-1930 fluttu um 52 milljónir frá Evrópu til Ameríku og 3,5 milljónir til Ástralíu og Nýja-Sjálands. Auk þess fluttu margir til skemmri eða lengri tíma til nýlendna Evrópuríkja í Afríku og Asíu. Frá Íslandi fluttu um fimmtán þúsund til Norður-Ameríku í von um betra líf en

Norðurlöndunum. Auk þess býr fjöldi Íslendinga í öðrum löndum víða um heim. Erlendir ríkisborgarar á Íslandi voru frá 122 löndum. Fólk frá eftirfarandi löndum var fjölmennast: Pólland – 3.221, Danmörk – 903, Þýskaland – 781, Filippseyjar – 771, frá löndum fyrrum Júgóslavíu 703.

Í Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands stendur í 65. grein:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ættarnis og stöðu að öðru leyti“



Panorama vinnur gegn fordómum sem byggjast m.a. á mismunandi uppruna, útliti og trúarbrögðum.

Panorama skapar umræður um fordóma og vandamál þeim tengdum.

Panorama vinnur að auknum skilningi í samfélaginu og vinnur að fræðslu og ráðgjöf m.a. með námskeiðahaldi, málþingum og ráðstefnum.